



- ÍST 85 -

Innleiðing jafnlaunastaðals - reynsla Tollstjóra

Embætti tollstjóra var með fyrstu stofnunum sem tóku þátt í tilrauna-verkefni um innleiðingu hins sérislenska jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Verkefnið hefur staðið frá árinu 2013 og lýkur á þessu ári. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur leitt verkefnið í samstarfi við velferðarráðneytið og aðgerðahóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Alls tóku 11 stofnanir, tvö fyrirtæki og tvö sveitarfélög þátt í verkefninu.

Vottunin

Embætti tollstjóra er brautryðjandi í innleiðingu jafnlaunastaðalsins, en innleiðingu hans lauk hjá embættinu með úttekt og vottun í september 2016. Tollstjóri er fyrsta stofnunin sem öðlast hefur faggilta vottun á jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85:2012 og statar því af vottunarskírteini frá *Vottun hf.* númer 1. Þann 29. júní síðastliðinn afhenti Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, Snorra Olsen tollstjóra jafnlaunamerkið sem viðurkenningu á því að Embætti tollstjóra starfræki jafnlaunakerfi sem samræmist kröfum reglugerðar um vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana á grundvelli jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Markmið jafnlaunamerkisins er að vera gæðastimpill fyrirtækja og stofnana sem hlotið hafa jafnlaunavottun. Þannig staðfestir merkið að atvinnurekandi hafi komið sér upp ferli sem tryggji að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum feli ekki í sér neins konar mismunun, hvort sem er vegna kyns eða af öðrum toga

Reynslan af innleiðingu jafnlaunakerfis

Innleiðing jafnlaunastaðalsins hjá embættinu

kostaði þó nokkurn tíma og fyrirhöfn en hefur verið vel þess virði. Sú úrvinnsla og greining sem fram þurfti að fara vegna innleiðingarinnar hefur veitt embættinu mjög góða yfirsýn yfir launaupbyggingu og dregið fram hvar hægt er að gera betur. Auk þess er það trú Tollstjóra að vottunin muni gera það enn auðveldara að laða að gott starfsfólk vegna þeirrar viðurkenningar sem hún felur í sér.

Ýmsar aukaafurðir urðu til í tengslum við innleiðingu jafnlaunastaðalsins. Til dæmis ákvað yfirstjórn Tollstjóra að rétt væri að skipa jafnréttisfulltrúa hjá embættinu. Jafnréttisfulltrúi starfar með yfirstjórn að því að tryggja að jafnréttisáætlun sé framfylgt. Hann tekur saman árlega skýrslu um stöðu jafnréttismála hjá embættinu og gerir tillögur til úrbóta gerist þess þörf. Einnig var útkoma starfaflokkunarinnar notuð við gerð stofnanasamninga og endurgerð starfslýsinga.

Kynning á ÍST 85

Embætti tollstjóra hefur tekið virkan þátt í að kynna jafnlaunastaðalinn og þann ávinning sem innleiðing hans hefur fyrir stofnanir og fyrirtæki. Fulltrúar embættisins hafa staðið fyrir kynningum innanhúss hjá embættinu auk þess sem kynningar hafa verið haldnar fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök innanlands. Þá hefur Embætti tollstjóra, samkvæmt beiðni, haldið kynningar á innleiðingu staðalsins og jafnréttismálum Tollstjóra hjá *Alþjóða tollastofnuninni (WCO)*, á kynningarfundi íslenska sendiráðsins í Brussel og EFTA. Grein eftir undirritaða um staðalinn og innleiðingu hans birtist í júníhefti *WCO News*, sem er tímarit Alþjóða tollastofnunarinnar. Einnig hafa fréttamenn



Unnur Ýr Kristjánsdóttir,
forstöðumaður mannaússviðs Tollstjóra.

frá *NY Times* og *BBC News* fengið viðtöl vegna innleiðingar staðalsins.

Hjá embætti Tollstjóra er áhersla lögð á að virða sjónarmið varðandi jafnrétti og fjölbreytileika. Embættið vill vera í fararbroddi stofnana og fyrirtækja í jafnréttismálum og hefur því að leiðarljósi að stuðla að stöðugum umbótum og framförum á því sviði.

Staðall um fjarskiptalagnir - bls. 2

Um eignastjórnun - bls. 3

Sólmyrkvi - bls. 4

Staðall um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði

Ílok síðastliðins árs gaf Staðlaráð Íslands út staðalinn ÍST 151:2016 sem fjallar um fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði. Staðallinn er saminn fyrir hönnuði, verktaka, kaupendur og seljendur íbúðarhúsnæðis til að húsnæðið uppfylli nútímalegar kröfur. Þetta á við um nýbyggingar, endurnýjun fjarskiptalagna og -búnaðar í eldri húsum og viðhald. Staðallinn fjallar bæði um hönnun efnisval, handverk og skil á verki.

Samkvæmt lögum um fjarskipti (nr. 81/2003) enda heimtaugar fjarskiptafyrirtækjanna í inntakskassa bygginga, en lagnir innanhúss frá inntakskassa eru á ábyrgð húseigenda. *Póst- og fjarskiptastofnun* hefur það hlutverk að setja reglur um frágang inntakskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja verndun fjarskipta og aðgang fjarskiptafyrirtækja að inntakskössum og lögnum. Að öðru leyti vísast til byggingarreglugerðar. Hægt er að nálgast reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um fjarskiptalagnir innanhúss á vefsíðu þeirra (pfs.is).

Fyrir kaupendur og seljendur

Staðallinn ÍST 151:2016 byggir á evrópskum stöðlum sem hafa verið staðfestir sem íslenskir staðlar, svo sem CENELEC-stöðlumum, reglum Póst og fjarskiptastofnunar númer 1111/2015 um innanhúss fjarskiptalagnir og hefðum og venjum um gott handverk og frágang.

Fram að útgáfu þessa staðals hafa hönnuðir og seljendur fjarskiptalagna ekki haft staðlaðar kröfur til að vinna eftir og húseigendur ekki haft tæknilegt viðmið í viðskiptum sínum. Verkkaupi fjarskiptalagna getur nú gengið frá samningi við verktaka áður en verk er hafið, þar sem tekið er fram að verkið skuli vera unnið samkvæmt ÍST 151:2016. Með þessu tryggir verkkaupi sér eftirfarandi:

- að tæknilegum stöðlum sé fylgt
- að lagnir séu í samræmi við þann flokk húsnæðis sem hann kys
- að frágangur á lögnum sé fullnægjandi
- að skýrslu og teikningum sé skilað í lok verksins

Efni staðalsins og notagildi

ÍST 151:2016 skiptist í eftirfarandi efniskafla:

- Kerfisuppbygging
- Strengjalagnir
- Net-og símalagnir
- Ljósleiðaralagnir til heimila
- Loftnetslagnir með kóaxstrengjum
- Lagnir fyrir miðlæg stýrikerfi íbúðarhúsnæðis
- Frágangur og mælingar
- Flokkun húsnæðis með tilliti til fjarskiptalagna

Samkvæmt staðlinum á kerfisuppbygging allra lagna, hvort heldur sem er dreifing fjarskipta um sameign stórra fjölbýlishúsa eða dreifing um eina íbúð, að vera miðkerfi (stjörnukerfi). Ekki er tekin afstaða til þess í staðlinum hver fjöldi tengla fyrir hverja tegund fjarskipta skuli vera, heldur er einungis kveðið á um fjölda tengidósa í hverju íveruherbergi. Kaupandi getur því ákveðið í samráði við vertaka þegar kemur að því að tengja kerfið hve margir tenglar af hverri tegund skulu vera í hverju herbergi.

Nýjung er að í hverri íbúð skal vera tækjaskápur sem inniheldur alla íhluti fjarskiptakerfis viðkomandi íbúðar. Þetta gerir allar breytingar og viðbætur við kerfið auðveldari.

Staðallinn gerir ýtarlega grein fyrir frágangi ljósleiðaratenginga og hvernig húskerfið tengist við inntaksstreng fjarskiptafyrirtækisins. Strengur fjarskiptafyrirtækisins endar í inntakskassa þar sem húskerfi húseigenda tekur við. Allt innanhússkerfið er eign húseiganda og ber hann alla ábyrgð á viðhaldi á þess.

Staðallinn gerir einnig grein fyrir því hvernig verktaki skal framkvæma lokamælingar á kerfinu að lokinni uppsetningu til að tryggja að allt virki á réttan hátt. Verktaki skal skila mælingaskýrslu til verkkaupa sem auðveldar allt viðhald í framtíðinni.

Að lokum skal nefna að ÍST 151:2016



Örlýgur Jónatansson,
rafeindatæknifræðingur.

kynnir gæðakerfi fyrir fjarskiptakerfi í íbúðarhúsnæði. Staðallinn flokkar fjarskiptakerfi í eftirfarandi fjóra flokka:

- Flokkur C: Grunnur
- Flokkur B: Gæði
- Flokkur C: Eðal
- Flokkur E: Eldri borgarar

Þetta gæðakerfi er mikil framför í hönnun fjarskiptakerfa og auðveldar allar skýringar fyrir kaupendur íbúðarhúsnæðis, því hægt er að gera þeim grein fyrir því á auðveldan hátt hvaða tækni fjarskiptakerfi íbúðar býður upp á.

Staðlapósturinn

rafrænt fréttabréf Staðlaráðs

Ert þú áskrifandi?

www.stadlar.is

- ISO 55001 -

Um eignastjórnun

Alþjóðlegi staðallinn ISO 55001 kom út í ársbyrjun 2014. Útgáfan markaði tímamót í heimi eignastjórnunar. Í ljós kom mikil þörf fyrir staðal af þessu tagi og ISO 55001 varð fljótt eftirsóttur víða um heim. Helstu hvatamenn að gerð staðalsins voru hagsmunaaðilar í Bretlandi, á meginlandi Evrópu, í Bandaríkjunum og í Ástralíu, þar sem er rík áhersla á eignastjórnun, bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum.

Fullt heiti staðalsins er ISO 55001:2014 *Asset management - Management systems - Requirements*, en hann er hluti af röð þriggja staðla. Hinir tveir eru ISO 55002 *Asset management - Management systems - Guidelines for the application of ISO 55001* og ISO 55000 *Asset management - Overview, principles and terminology*.

Varð til af knýjandi þörf

Eignastjórnun er fag sem hefur þróast mjög hratt síðustu áratugi. Það kemur til af knýjandi þörf sem myndaðist þegar innviðir byggðir upp á síðustu öld fóru að eldast og kalla á kostnaðarsamt viðhald og endurnýjum. Menn stóðu frammi fyrir að forgangsraða verkefnum sem öll voru knýjandi. Kröfur jukust um áreiðanleika í rekstri, meiri fagmennsku, betri áætlanir og rekjanleika. Líka var orðin þörf hjá veitu- og innviðafyrirtækjum, sem mörg eru í opinberri eigu, á að fá viðurkennda aðferðafræði til að fylgja í starfsemi sinni.

Skilgreining á eignastjórnun

Eignastjórnun er skilgreind í ISO 55000 sem „samræmd starfsemi innan skipulagsheildar til að skapa verðmæti með eignum“ og spannar ferlið frá því ákveðið er að afla búnaðar og þangað til búnaður er tekin úr rekstri. Staðallinn tekur, sem sagt, til allra þátta þar á milli.



Útgáfa ISO 55001 markaði tímamót í heimi eignastjórnunar.

Kröfur ISO 55001

ISO 55001 gerir kröfu um að skipulagsheild setji sér eignastjórnunarstefnu og markmið fyrir þær eignir sem um ræðir, er miði að því að uppfylla viðskiptaleg markmið skipulagsheildarinnar. Til að ná markmiðunum skal gera sérstaka stefnumarkandi áætlun fyrir rekstur eignanna þar sem eru settar fram aðgerðir sem miða að því að uppfylla viðskiptalegu markmiðin. Umrædd áætlun er hryggjarstykkið í starfsemi eignastjórnunar.

Staðallinn gerir kröfu um að byggt sé á þeirri áætlun við gerð eignastjórnunaráætlunar fyrir hvert tæki eða tækjasamstæðu, og að við þá vinnu sé lagt mat á áhættu og tækifæri í rekstrarumhverfi samstæðunnar. Í eignastjórnunaráætlun kemur fram hvaða viðhaldsverk er áætlað að vinna við viðkomandi tæki eða

tækjasamstæðu yfir líftíma, til að uppfylla eignastjórnunarmarkmið.

Tækifæri

Helsti ávinningur af því að fylgja kröfum staðalsins er bætt frammistaða búnaðar, aukin áreiðanleiki, bætt kostnaðarvitund og lægri rekstrarkostnaður, sem fer saman við aukna vitund um áhættu og tækifæri í rekstrinum. Þar við bætist meiri samvinna starfsmanna þvert á deildir og aukin tiltrú hagsmunaaðila.

Í staðlinum felast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir sem byggja starfsemi sína á því að reka eignir. Gera má stöðumat á rekstri miðað við kröfur staðalsins til að greina tækifæri til umbóta.

Höfundur, Ásmundur Jónsson, er með meistaraþráðu í eignastjórnun frá Manchester-háskóla.

Námskeið 5. október

Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001
Lykilatriði, uppbygging og notkun

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002 og þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum.



- Allt milli himins og jarðar -

Hvernig njóta má sólmyrkva


Staðlar eru til um allt milli himins og jarðar. Eitt dæmi er íslenski staðallinn ÍST EN ISO 12312-2 *Augn- og andlitsvarnir - Sólgleraugu og samskonar augnbúnaður - Hluti 2: Ljóssíur til sólskoðunar*. Staðallinn á mikilvægan þátt í að gera fólki kleift að njóta sólmyrkva án þess að hljóta skaða af.

Það verður ekki næst fyrr en 12. ágúst 2026 að sól myrkvast alveg í Reykjavík, 100%. En þangað til verða þrjár sólmyrkvar; tveir deildarmyrkvar, einn hringmyrkvi og einn almyrkvi, þar sem 47% sólar myrkvast, séð frá Reykjavík. Í öllum tilfellum þarf að gæta varúðar.

Sólmyrkvar eru mikið sjónarspil og fanga athygli okkar, en eina augnablikið sem óhætt er að horfa á fyrirbærið berum augum er þegar tungl skyggir algerlega á sólu. Það verður, sem sagt, næst árið 2026. Þangað til, og á öllum öðrum augnablikum meðan sólmyrkvi á sér stað, er hættulegt að horfa berum augum. Það á einnig við þegar horft er á sólmyrkva t.d. í gegnum sjónauka eða myndavél. Að horfa á sólina berum augum getur valdið alvarlegum augnskaða og jafnvel blindu. Því þarf að nota viðeigandi og fullnægjandi hlífðarbúnað.

Öryggiskröfur og prófunaraðferðir

Um slíkan búnað snýst staðallinn ÍST EN ISO



12312-2. Þar eru skilgreindar öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir vörur sem ætlaðar eru til beinnar sjónrænnar skoðunar á sólinni. Staðallinn gerir einnig kröfu um að slíkri vöru fylgi nafn og heimilisfang framleiðanda, notkunarleiddbeiningar, varúðarorð um þann skaða sem skoðun

sólarinnar án hlífðarbúnaðar getur valdið, varnaðarorð um að skemmdum ljóssíum skuli skipt út, leiðbeiningar um varðveislu vörunnar, viðhald og hreinsun, og tiltaka skal hvenær varan telst útrunnin.

ÍST EN ISO 12312-2 er skínandi dæmi um gagnsemi staðla og nauðsyn staðlastarfs.



Staðlar létta þér lífið...

... jafnvel þegar þú borðar matinn þinn.

Íslenski staðallinn ÍST EN ISO 22000 fjallar um stjórnunarkerfi matvælaöryggis á öllum stigum matvælaframleiðslu.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.